

# HUNDADAGAR '89

(DIES CANICULARES) Í ÓPERUNNI



LISTADAGAR ALÞÝÐULEIKHÚSSINS, TÓNLISTARFÉLAGS  
KRISTSKIRKJU, LISTASAFNS SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

30. JÚLÍ – 29. ÁGÚST

## CAB KAYE OG FÉLAGAR

Í LISTASAFNI SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR FÖSTUDAGINN 4. ÁGÚST KL. 20:30

CAB KAYE kom til Englands árið 1926. Þar sótti hann skóla, en var uppgötvaður af Billy Cotton og gekk til liðs við hljómsveit hans. Fyrsta hljóðupptaka hans var á laginu Shoe Shine Boy og árið 1936 kom hann fram í London Palladium undir sviðsnafninu Cab Kaye.

Cab Kaye hefur alls staðar hlotið viðurkenningu fyrir hæfileika sína og hann hefur leikið með ýmsum þekktustu jazzistum heims í Hollandi, Ameríku, Englandi, Frakklandi, Þýskalandi, Sviss, Portugal og á Póllandi. Hann heimsótti Ísland fyrst árið 1952 að áeggjan Svavars Gestssonar. Á því ferðalagi lék hann með Gunnari Ormslev og K.K. sextettnum ásamt Guðmundi Steingrímssyni og Árna Elvar. Árið 1985 lék Cab Kaye einn mánuð á Naustinu og í júní og júlí á þessu ári hefur hann ferðast um Ísland og leikið á Hótel Borg, Hótel Íslandi og Sjallanum á Akureyri.

Síðustu níu árin hefur Cab Kaye Jazz Piano þárin verið starfræktur í Amsterdam. Þangað hafa komið fjölmargir þekktir hljóðfæraleikarar og nægir að nefna Oscar Peterson, Louis Bellson, Jimmy Smith, Steve Lacey, Archie Schep, Rose King, Stan Tracey, Abbey Lincoln og Max Roach.

Cab Kaye hefur leikið á mörgum hljómplötum og hefur nýlokið upptökum á plötunni Africa on Ice sem væntanleg er á þessu ári frá Ax útgáfunni.

BJARNI SVEINBJÖRNSSON stundaði bassanám við Tónlistarskóla F. Í. H. Hann sótti framhaldsnám við B. I. T. í Los Angeles í Bandaríkjunum. Bjarni kennir bassaleik við Tónlistarskóla F. Í. H. og hefur spilað með ýmsum hljómsveitum, bæði jazz og rokk.

STEINGRÍMUR GUÐMUNDSSON lærði á trommur í Svíþjóð um árabíl. Í Bandaríkjunum lagði Steingrímur stund á indverska tónlist og tabla-trommuleik við Creative Music Studio í New York, en þar spilaði hann með mörgum jazz- og rokkhljómsveitum á klúbbum stórborgarinnar. Steingrímur er meðlimur í hljómsveitinni Súldin.

